

EFTIRLITSSKÝRSLA



Reykjagarður hf. Jarlsstaðir, Rangárþingi ytra

Dags eftirlits	26.11.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Reykjagarður hf.	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Fossháls 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6509032180	Flokkur	Þauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús Huldar Ingbórsson	ÍSAT nr.	01.47.1
Fulltrúi fyrirtækis	Kristbjörg Sara Thorarensen, Hólmfríður Þórsdóttir og Bryndís Skúladóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í reglubundið eftirlit í Reykjagarði í Jarlsstöðum. Rekstraraðili er með starfsleyfi gefið út af Umhverfisstofnun þann 26. febrúar 2019 og gildir til 26. febrúar 2035. Um er að ræða bú til framleiðslu á alifuglum og veitir starfsleyfið heimild til að halda 60.000 fugla á hverjum tíma.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Niðurstöður síðasta eftirlits
2. Umfang starfseminnar, farið yfir starfsleyfi og minnt á skil skv. því
3. Áhættumat
4. Lyktarstjórnun, mælingar
5. Dreifing áburðar
6. Áætlanir
7. Kvartanir
8. Vettvangsferð
9. Fylgiskjöl

1. Þrjú frávik komu fram í eftirliti árið 2024 og ein ábending var sett fram. Öllum frávikum hefur verið lokað og brugðist var við ábendingunni.

2. Fjöldi fugla í búinu er stöðugur og undir 60.000. Ársyfirliti, grænu bókhaldi og ústreymisbókhaldi fyrir árið 2024 var skilað inn 29. apríl 2025. Rekstraraðili er með umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi en ekki vottað.

3. Farið var yfir áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

4. Reykjagarður sendi inn þann 29. apríl 2025 útreikninga á losun köfnunarefnis og fosfórs skv. BAT fyrir árið 2024. Samkvæmt útreikningunum fyrir árið 2024 er heildarlosun köfnunarefnis sem úrgangsefni 0,40 kg/stæði á ári sem er innan marka í BAT.

Heildarlosun fosfórs fyrir árið 2024 sem úrgangsefni var 0,043 kg/stæði á ári sem er innan marka í BAT.

Samkvæmt útreikningum fyrir árið 2024 var heildarlosun ammóníaks í andrúmsloftið 0,02 kg/stæði á ári sem er innan marka í BAT.

5. Rekstraraðili er með samninga við bændur um áburðardreifingu.

6. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem og neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs er til staðar. Rekstraraðili er með áætlun um nýtingu á húsdýraáburði sem gildir til ársins 2029.

7. Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar frá síðasta eftirliti.

8. Farið var í skoðunarferð á Jarlsstöðum og aðstæður skoðaðar, engar athugasemdir voru gerðar í skoðunarferðinni.

9. Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí sl. fer stofnunin yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

ÁBENDINGAR

Engin ábending kom fram í eftirlitinu.

Reykjavík, 15.12.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Auður Eyberg Helgadóttir